

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

MINNISBLAÐ

Upplýsingar um stöðu biðlista á leikskólum í borginni

Þann 18. september 2025 voru 68 börn **18 mánaða eða eldri** á biðlista eftir leikskóla. Rétt er að geta þess að foreldrar 24 barna á biðlistanum sem hafa fengið boð um vistun höfnuðu boðinu. Helsta ástæða þess að boði er hafnað er að foreldrar kjósa að vera áfram á biðlista eftir plássi í þann leikskóla sem þeir kjósa helst.

Foreldrar barna 18 mánaða og eldri sem nú eru á biðlista hafa allir sótt um leikskólapláss eftir að stóru úthlutun vorsins lauk en þá var úthlutað plássum sem losnuðu þegar elstu börn leikskóla fóru í grunnskóla. Einnig eru í hópnum börn foreldra sem kusu að hafna plássi í vor. Samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um leikskólaþjónustu er miðað er við að foreldrar barna sem orðin eru 18 mánaða 1. september ár hvert fái boð um leikskóladvöl það sama haust.


Á árinu 2025 voru sjálfstætt starfandi leikskólar í fyrsta sinn að innrita í Völu, innritunarkerfi borgarinnar. Því var lítið um að foreldrar væru með tvöfalt vistunarboð þar sem börnin fóru af biðlistum borgarinnar þegar foreldrar fengu boð í sjálfstætt starfandi leikskóla. Síðastliðin ár hafa foreldrar sem voru með boð í sjálfstætt starfandi leikskóla ekki farið af biðlistum hjá borgarreknum leikskólum fyrr en eftir að þau hófu vistun í sjálfstætt starfandi leikskóla.

Þar sem börn með sjálfstætt starfandi leikskóla í sínu vali eru nú á biðlistum í Völu, innritunarkerfi borgarinnar eins og börn með umsóknir hjá borgarreknum leikskólum, er einn biðlisti í leikskóla í Reykjavík.

Á meðfylgjandi mynd má sjá fjölda umsókna fyrir börn frá 18 mánaða eftir aldri og borgarhlutum.


Fjöldi á biðlista eftir borgarhlutum

Fjöldi nýrra umsókna (þar með talin börn sem eru hjá dagforeldri)



Fjöldi á biðlista eftir aldri í árum

Fjöldi nýrra umsókna eftir aldri á biðlista. 12 til 18 mán visar til 12 að 18 mánaða.



Aldursdreifing biðlistans í mánuðum



Þann 18. september 2025 voru 412 börn á biðlistanum **12 mánaða eða eldri**. Þar af eru 85 með sjálfstætt starfandi leikskóla í fyrsta vali. Af þessum 412 börnum eru 117 með vistun hjá dagforeldri.

Bæði í borgarreknum og sjálfstætt starfandi leikskólum er aðlögun barna í fullum gangi. Aðlögun hófst í ágúst og miðað er við að henni ljúki um miðjan október nk.

Síðan 1. maí hafa 2.185 börn hafið vistun. Þann 18. september 2025 voru 190 börn, þar af 37 börn í sjálfstætt starfandi leikskólum, komin með dagsetningu fyrir leikskóladvöl en ekki byrjuð. Á sama tíma eru 365 börn með boðna vistun ekki komin með upphafsdagsetningu og önnur 140 bíða eftir flutningi milli leikskóla. Af þessum 365 sem ekki eru komin með upphafsdagsetningu eru 209 með boð í sjálfstætt starfandi leikskóla og 156 í borgarrekna leikskóla. Þá eru 62 börn af þessum 365 hjá dagforeldri.

Búið er að innrita og bjóða í stærstan hluta lausra plássna í leikskólum Reykjavíkur fyrir komandi skólaár. Innritun er sifell í gangi, til dæmis í kjölfar flutninga frá Reykjavík og vegna plássna sem koma aftur í notkun eftir viðhaldsframkvæmdir, þá skapast pláss sem er innritað í. Fram að næstu stóru innritun mun því fjölga börnum á biðlista umfram pláss sem verða í boði.